

Laugardaginn 18. janúar 1992.

Nr. 7/1992.

Ingi B. Ársællsson

gegn

Ríkisendurskoðun og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Gagnaöflun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. desember 1991 með vísan til heimildar í f-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og Hæstiréttur dæmi, að fram skuli fara eftir kröfu sóknaraðila opinber rannsókn á meintum réttarbrotum Ríkisendurskoðunar, fjármálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis vegna uppsagnar sóknaraðila úr starfi sem fulltrúa hjá Ríkisendurskoðun í febrúar 1984, brígðum á samkomulagi um starfslok hans og meintum brotum á réttindum hans samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954. Taki rannsóknin einnig til annarra mögulegra brota opinberra aðila, sem tengjast máli kæranda.

Varnaraðilar hafa ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð.

Sóknaraðili hefur leitað til ríkissaksóknara og dómsmálaráðuneytis með beiðni um opinbera rannsókn vegna þeirra meintu brota, sem eru tilefni kröfugerðar hans í þessu kærumáli. Yfirvöld hafa ekki séð ástæðu til að hefja slíka rannsókn.

Í niðurlagi 114. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði er kveðið á um, að dómari geti beint því til aðila að afla gagna um tiltekin atriði til skýringar máli, eftir því sem honum þykir nauðsyn vera. Þá getur dómari samkvæmt 120. gr. sömu laga bent aðilum á nauðsyn á öflun nýrra gagna eftir dómtöku máls.

Þessi lagaákvæði eða önnur ákvæði laga nr. 85/1936 veita aðila að einkamáli ekki heimild til að bera ákvarðanir ríkissaksóknara og dómsmálaráðuneytis varðandi opinbera rannsókn undir dómaða í einkamáli með þeim hætti, sem krafist er í máli þessu.

Með vísan til þessa og með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 20. nóvember 1991.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 6. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 8. apríl 1988.

Stefnandi er Ingi Björgvin Ársælsson, Lynghaga 8, Reykjavík.

Stefndu eru Ríkisendurskoðun, Laugavegi 105, Reykjavík, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík.

Málið var tekið til úrskurðar um framkomna kröfu stefnanda um úrskurð bæjarþings Reykjavíkur um öflun gagna með opinberri rannsókn á meintum réttarbrotum Ríkisendurskoðunar, fjármálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis vegna ólögmætrar uppsagnar stefnanda úr starfi sem fulltrúa hjá Ríkisendurskoðun í febrúar 1984, brigðum á samkomulagi um starfslok hans og réttindum hans samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 38/1954. Stefnandi reisir kröfu sína á 8. gr. laga nr. 38/1954 og 66. gr. laga nr. 85/1936 og VI. kafla þeirra laga í heild og kveður, að úrskurður bæjarþingsins um kröfuna skuli beinast að ríkis-saksóknaraembættinu.

Stefndu krefjast þess, að kröfunni verði hafnað og málið verði tekið til munnlegs málflutnings, endurflutnings, eins og ákveðið hafi verið. Þeir vísa í 8. gr. laga nr. 38/1954, að þar sé gert ráð fyrir opinberri rannsókn, þegar lausn sé veitt um stundarsakir. Stefnandi hafi á sínum tíma kosið að fara ekki þessa leið. Krafa verði því ekki gerð á grundvelli þessa ákvæðis nú eftir allan þennan tíma, enda segi í ákvæðinu, að rannsóknin skuli fara fram „þá þegar“. Krafan verði ekki reist á VI. kafla laga um meðferð einkamála í héraði. Krafa stefnanda nú sé um frest í málinu, og hann hafi þegar fengið fjölmarga fresti í þessu sama skyni undir rekstri málsins undanfarin þrjú ár. Því sé beinlínis óheimilt að veita frekari frest, sbr. 105. og 110. gr. eml. Auk þessa hafi gagnaöflun verið lýst lokið, og aðalmeðferð hafi þegar farið fram, en vegna endurupptöku hafi endurflutningur átt að fara fram, þegar stefnandi hafi sett fram þessa kröfu. Engin lagaheimild sé fyrir úrskurði sem þessum, og bæjarþingið hafi ekki lögsögu yfir ríkis-saksóknara.

Niðurstaða.

Engin lagaheimild er fyrir því, að bæjarþing Reykjavíkur úrskurði um öflun gagna með opinberri rannsókn, og verður krafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp úrskurðinn.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Krafa stefnanda um úrskurð bæjarþingsins um öflun gagna með opinberri rannsókn er ekki tekin til greina.
